



Nefndasvið

b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 22. Október 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) og Tæknifræðingafélag Íslands (TFÍ) hafa fengið til umsagnar „Tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði“.

Almennt fagna VFÍ og TFÍ tillögunni og telur af hinu góða að umræða aukist um gagnsemi menntunar ekki síst tæknimenntunar, bæði á Alþingi sem og annars staðar í þjóðfélaginu.

Jafnframt benda félögin á eftirfarandi atriði sem að gætu orðið til að bóta varðandi þingsályktunartillöguna.

Það er góðra gjalda vert að rýmka heimildir til handa lífeyrissjóðum varðandi fjárfestingar í áhættusamari verðbréfum en sjóðirnir hafa heimild til í dag. Hins vegar getur slík rýmkun ekki átt sér stað nema að lífeyrissjóðum verði settar reglur um fjárfestingar sem undir þennan lið heyra, bæði hvað varðar mat á áhættu, ábata sem og aðra þætti sem kunna að skipta máli.

Félögin hafa um árabíl talað fyrir því að tækninám á háskólastigi verði eflt hérlendis og fagna fram komnum tillögum þar að lútandi. Nauðsynlegt er að nemendum í slíku námi fjölgi en mikilvægast er þó að þeim fjölgi sem ljúka fullgildri háskólagráðu.

Félögin benda á að ef farið yrði að tillögu um stofnun græns fjárfestingarsjóðs, þá sé bæði sjálfsagt og eðlilegt að fagfélög eins og Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands verði samráðsaðilar auk SI og Nýsköpunarsjóðs.

Þá vilja félögin taka fram að þau áskilja sér rétt til að koma með frekari umsögn varðandi fyrrnefnda tillögu til þingsályktunar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnna Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri.